



## Afmælimót Borðtennisdeildar KR 22. september 2019

Borðtennisdeild KR heldur afmælimót í tilefni af 50 ára afmæli deildarinnar og 120 ára afmæli KR sunnudaginn 22. september 2019 í Íþróttahúsi Hagaskóla, Neshaga 3 (miðinngangur). Á mótinu munu leika 6 leikmenn frá Wales, þrír karlar og þrjár konur, auk íslenskra leikmanna. Tvö þeirra eru í fullorðinsflokki, tvö í juniorflokki (16-18 ára) og tvö í kadettflokki (15 ára og yngri).

### Keppnisflokkar

kl. 10:00 2. flokkur karla

kl. 12:00 2. flokkur kvenna

kl. 13:00 Opinn flokkur karla

kl. 15:00 Opinn flokkur kvenna

Hver keppandi má aðeins leika í einum keppnisflokki, þ.e. annað hvort í opnum flokki eða 2. flokki, og því geta þeir sem hafa keppnisrétt í 2. flokki ekki keppt í báðum flokkunum.

### Fyrirkomulag keppni

Kept er í riðlum og spilað er með útslætti upp úr riðlinum. Þrjár unnar lotur þarf til að vinna leik. Raðað verður í töflu samkvæmt keppnisreglum eftir nýjasta styrkleikalista BTÍ. Mótið fer inn á styrkleikalista BTÍ en leikir á móti leikmönnum frá Wales telja ekki inn á listann.

Leikið verður á Stiga expert borðum með hvítum 3ja stjörnu Stiga kúlum.

Mælst er til þess að leikmenn leiki í búningum síns félags.

Verðlaun verða veitt fyrir fjögur efstu sætin í öllum flokkum.

Þáttökugjöld: 1.000 krónur á mann. Gjaldið greiðist í reiðufé á mótisstað eða inn á bankareikning Borðtennisdeildar KR: 0137-26-008312, kennitala 661191-1129. Senda skal tilkynningu við millifærslu á netfangið [bordtennisdeildkr@gmail.com](mailto:bordtennisdeildkr@gmail.com) og setja inn kennitölu leikmanns, sem greitt er fyrir.

Skráning fer fram á vef Tournament Software

(<http://www.tournamentsoftware.com/sport/tournament?id=9D7AABBB-91E0-4E6D-B072-8B2C106C15FB>) til kl. 22 miðvikudaginn 18. september 2019. Setja skal kennitölu sem

„Member ID“. Á vef BTÍ ([www.bordtennis.is](http://www.bordtennis.is)) eru leiðbeiningar um stofnun reiknings og skráningu á Tournament Software. Þeir, sem hafa áður stofnað reikning til að skrá sig á mót geta notað hann aftur. Ef ekki gengur að skrá sig á vef Tournament Software má senda skráningu til mótstjórnar fyrir kl. 22 miðvikudaginn 18. september 2019.

**Kennitölur skulu fylgja öllum skráningum í samræmi við keppnisreglur BTÍ!**

Dregið verður í Íþróttahúsi Hagaskóla fimmtudaginn 19. september klukkan 19:00. Eftir að dregið hefur verið í mótið verður ekki bætt við keppendum, nema að um sannanleg mistök mótstjórnar sé að ræða. Drátturinn verður birtur á vef Tournament Software.

Mótstjórn:

Ásta M. Urbancic, gsm. 895 96 93, [astaurb@gmail.com](mailto:astaurb@gmail.com)

Magnús Stefánsson, gsm. 865 3884, [magnus.stefansson@gmail.com](mailto:magnus.stefansson@gmail.com)

Pétur Gunnarsson, gsm. 662 3949 , [peturgun9@gmail.com](mailto:peturgun9@gmail.com)

Yfirdómari: Finnur Hrafn Jónsson.

Fyrir hönd Borðtennisdeildar KR

Ásta M. Urbancic